

## Frumvarp til laga

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Auður Lilja Erlingsdóttir,  
Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Katrín Júlíusdóttir,  
Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

### 1. gr.

Við 206. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp sambærilegs efnis hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi en aldrei náð fram að ganga. Á 131. löggjafarþingi var málið afgreitt frá allsherjarnefnd en komst ekki til annarrar umræðu. Í frumvarpinu er lagt til að kaup á vændi verði refsiverð, þ.e. lagt er til að Íslendingar fari að dæmi Svía og innleiði „sænsku leiðina“ svokölluðu sem miðast við að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki, enda staða hans í langflestum tilvikum miklum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna.

Sænska leiðin hefur verið til umræðu í nokkur ár hér á landi eða allt síðan tillaga þess efnis kom fyrst fram á Alþingi árið 2000. Fylgi við tillöguna hefur aukist síðan þá og í mars á þessu ári þegar Capacent Gallup kannaði hug landsmanna til kaupa á vændi kom í ljós að 70% þjóðarinnar voru hlynnt eða mjög hlynnt því að sænska leiðin yrði farin hér á landi (sjá mynd). Sömu sögu er að segja af nágrannaþjóðum okkar en í Noregi er komið fram stjórnarfrumvarp um að sænska leiðin verði farin og er það í umsagnarferli.

Þess má geta að víðtækur stuðningur hefur verið meðal kvennahreyfingarinnar við að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Haustið 2003 sendu 14 samtök þingmönnum áskorun um að leiða slíkt bann í lög. Þetta voru Bríet – félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvennakirkjan, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Stígamót, Tímaritið Vera, UNIFEM á Íslandi, Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Landssamband framsóknarkvenna og V-dagssamtökin. Í greinargerð með áskoruninni var lögð áhersla á tengsl klámiðnaðarins og vændis og tekið undir það sjónarmið að vændi væri kynbundið ofbeldi sem bæri að vinna gegn. Það að gera kaup á vændi refsiverð væri virk leið til varnar.

### Niðurstöður úr könnun Capacent Gallup.

Dagana 21.–27. mars 2007 gerði Capacent Gallup símakönnun fyrir Ríkisútvarpið um viðhorf fólks til þess að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Úrtakið var tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Í því voru 1.210 manns 18–75 ára. Svarhlutfall var 61,7%. Spurt var m.a. eftirfarandi spurningar:

#### Ertu hlynnt(ur) því eða andvíg(ur) að kaup á vændi verði gerð refsiverð?



■ **Mjög hlynnt(ur)** ■ **Frekar hlynnt(ur)** ■ **Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)** ■ **Frekar andvíg(ur)** ■ **Mjög andvíg(ur)**

